



2. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 7. september 2016 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson. Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Magnús Matthíasson (MM), Þórdís Rakel Hansen (ÞRH), Sveinbjörn Músson (SM) varamaður Adólfs Ingva Bragasonar, Guðmundur Pálsson (GP), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og Magnús Ragnar Magnússon.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 1. fundargerð aðalstjórnar frá 11. maí 2016 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 2. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 6. júlí 2016 til umræðu.
- 3. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 31. ágúst 2016 til umræðu.
 - GJ fór yfir stöðuna á samningaviðræðum við Sveitarfélagið Árborg varðandi rekstur íþróttamannvirkja á Selfossi.
 - Reglugerð um starfsmenn deilda var staðfest.

3. Sjóðir á vegum íþróttahreyfingarinnar

- Minnt var á að sækja um í sjóði á vegum íþróttahreyfingarinnar en umsóknarfrestur rennur út um næstkomandi mánaðarmót.
 - Íþróttasjóður ríkisins hjá Rannís
 - Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
 - Fræðslu- og verkefnasjóður HSK

4. Miðlar Umf. Selfoss

- Hvert stefnum við í sameiginlegri umfjöllun um félagið?
- Helstu miðlar Umf. Selfoss eru heimasíðan www.umfs.is, fésbókarsíðan *Ungmennafélag Selfoss* og vikuleg íþróttasíða í Dagskránni. Auk þess fær félagið góða umfjöllun á vef Sunnlenska.is, Sunnlenska fréttablaðinu, Suðurland FM og Suðra héraðsfréttablaði.

- Mikilvægt er að þjálfarar skrifi fréttir af starfinu sem fram fer í þeirra flokkum til að birta á heimasíðu Umf. Selfoss. Einnig er mikilvægt að birta myndir úr starfinu.
- Bent var á að opna fyrir að geta „líkað við“ fréttar á heimasíðunni til að búa til tenginu á fésbókina.

5. Starf deilda

- Hjá fimleikadeild fer starfið fer vel af stað. Það er fullmannað í þjálfun og nýr framkvæmdastjóri og yfirþjálfari hafa verið ráðin til starfa.
- Vetrarstarf frjálsíþróttadeildar að fara af stað í vikunni og sérstaklega ánægjulegt er að sjá fjölgun sem er í akademíunni við FSu.
- Undirbúningur handknattleiksdeildar fyrir vetrarstarfið hefur verið á fullu í allt sumar og hefja meistaraflokkar leik í vikunni. Undanþága frá HSÍ til keppni í Vallaskóla fékkst í vikunni.
- Júðódeildin er sem fyrr vel mönnuð af þjálfurum og starfið hefur farið vel af stað í vetur.
- Tímabili eldra knattspyrnufólks lýkur í lok september en yngri flokkar eru með lokahóf um helgina. Bætt hefur verið í þjálfun yngri flokka til að auka metnað í starfinu. Rekstrartölur á árinu eru góðar þökk sé óvæntum tekjum vegna sölu leikmanna og EM í knattspyrnu.
- Fulltrúi mótókrossdeildar var ekki á fundinum.
- Sunddeildin vinnur hörðum höndum að því að fjölga iðkendum og nýta þann meðbyr sem góður árangur íslenskra sundmanna á Ólympíuleikunum gaf.
- Hjá taekwondodeild er allt af fyllast af nýjum iðkendum auk þess sem lítið brottfall er hjá eldri iðkendum. Grípa þurfti til þess að breyta æfingatímum til að koma nýjum iðkendum að. Daníel Jens yfirþjálfari er á leið til Suður-Kóreu næsta sumar að auka við menntun sína í taekwondo.

Fundi slitið klukkan 19:00.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 5. október 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2016-2017:

Miðvikudaginn 2. nóvember 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 7. desember 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 5. apríl 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.